

Fjarðabyggð 11.09.2024

Berist til: Framkvæmda- og skipulagsnefndar

Efni: Ósk um umfjöllun á næsta fundi nefndarinnar

Kæra framkvæmda- og skipulagsnefnd,

Fyrir hönd Umhverfisstofnunar þá óska ég hér með eftir því að eftirfarandi atriði verði tekin til umræðu á næsta fundi nefndarinnar í tengslum við skipulag og framkvæmdir á næsta starfsári.

1. Fundur með Umhverfisstofnun:

Mikilvægt er að koma á fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar og undirritaðri ásamt fulltrúum Náttúrustofu Austurlands, Guðrúnu Óskarsdóttur til að ræða áætlun um heftingu á útbreiðslu lúpínu í Fólkvanginum í Neskaupstað og Hólmanesi. Aðgerðirnar eru brýnar til að varðveita gróðurfar svæðisins og tryggja samvinnu allra aðila við framfylgd áætlunarinnar.

2. Frágangur í landi Fólkvangsins:

Það þarf að fara yfir frágang í landi Fólkvangsins (sjá meðfylgjandi mynd). Samstarf við Umhverfisstofnun er nauðsynlegt til að tryggja að allt fari fram samkvæmt aðgerðaáætluninni. Mikilvægt er að farið verði í framkvæmdir í samræmi við þá aðgerðaáætlun sem þegar hefur verið samþykkt.

3. Verkáætlun fyrir Barðnesslóðann:

Umhverfisstofnun óskar eftir því að farið verði sameiginlega yfir gerð verkáætlunar fyrir Barðnesslóðann fyrir næsta starfsár og að komið verði á sameiginlegri sýn yfir hvernig best sé að tryggja framgang verkefnisins á næsta ári.

4. Umgengismál í landi Grænanes:

Umhverfisstofnun vill koma á framfæri ósk um að tekið verði á umgengismálum í landi Grænanes í Neskaupstað. Það er mikilvægt að þessir málaflokkar séu teknir fastari tókum til að bæta ásýnd og varðveislu svæðisins þar sem um friðland Gerpissvæðisins er að ræða.

5. Verndar- og aðgerðaráætlun fyrir Hólmanes:

Umhverfisstofnun óskar einnig eftir fundi með nefndinni til að ræða uppfærslu verndar- og aðgerðaráætlunar fyrir land Hólmanes fyrir næstu ár. Þetta verkefni er mikilvægt til að tryggja vernd náttúru svæðisins og heildrænt skipulag í samstarfi við alla hlutaðeigandi aðila.

6. Salerni við Helgustaðanámu

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fylgt verði eftir þeirri hugmynd í sameiningu að stærri vatnstank/söfnunartanki verði komið fyrir við salernið við Helgustaðanámu þannig að ekki komi til lokunar á salerninu í framtíðinni vegna vatnsskorts.

Með kveðju
Lára Björnsdóttir
Svæðasérfræðingur